



## Fundargerð

### 8. fundur framtíðarnefndar Reykjanesbæjar, fjarfundur

22. apríl 2020, kl. 11:00

Viðstaddir: Kolbrún Jóna Pétursdóttir formaður, Andri Örn Víðisson, Ríkharður Ibsen, Súsanna Björg Fróðadóttir, Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

#### 1. Viðbrögð Reykjanesbæjar vegna COVID-19 (2020030360)

Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufulltrúi mætti á fundinn og kynnti stöðuna og viðbrögð Reykjanesbæjar vegna COVID-19 faraldursins.

Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir, deildarstjóri Þjónustu og þróunar mætti á fundinn og fór yfir hvernig Reykjanesbær er í stakk búinn til að taka þeim áskorunum sem samkomubann og skyndileg krafa um aukna stafræna þjónustu við bæjarbúa eru.

Framtíðarráð lýsir yfir ánægju með viðbrögð Reykjanesbæjar við COVID-19 faraldrinum og er reiðubúið til samstarfs við Þjónustu og þróun um mörkun frekari stefnu í stafrænni þjónustu.

#### 2. Loftslagsmál (2020040247)

Rætt um tillögur sem liggja fyrir varðandi nálgun að vinnu að nýrri umhverfisstefnu Reykjanesbæjar.

#### 3. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (2019051904)

Farið yfir stöðuna á vinnu við innleiðingu heimsmarkmiðanna.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:40.